

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um aðgerðaáætlun í plastmálefnum.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Hvaða styrkir voru veittir til rannsókna og þróunar á plastlausum lausnum á árunum 2020–2023 á grunni aðgerðar 3 í *Úr viðjum plastsins*, aðgerðaáætlun í plastmálefnum?
- Hvað hefur verið gert til að fylgja eftir aðgerð 8 um ábyrga notkun plasts í atvinnulífinu í aðgerðaáætluninni? Hvaða árangri hefur það skilað til að draga úr plastnotkun, stækka hlut endurunnins plasts, auka endurvinnslu plastúrgangs og lágmarka mögulega losun örplasts?

Skriflegt svar óskast.